



Alþingi, 16. desember 2020

Utanríkisráðherra  
Hr. Guðlaugur Þór Þórðarson  
Utanríkisráðuneytið  
Rauðarárstíg 25  
105 Reykjavík

Utanríkismálanefnd hefur, í samræmi við 5. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála, fjallað um eftirfarandi gerðir til mats á því hvort efnislega aðlagana sé þörf:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971 frá 11. desember 2018 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og stofnun til að styðja við BEREC-hópinn (BEREC-skrifstofu), um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/2120 og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1211/2009.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (endurútgöfin).


Málin komu til umfjöllunar í vinnuhópi EFTA og var utanríkismálanefnd upplýst um þau með skeyti frá utanríkisráðuneyti dags. 7. febrúar 2020 ásamt fylgigögnum.

Gerðirnar hafa fengið efnislega umfjöllun í umhverfis- og samgöngunefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Utanríkismálanefnd tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í álitum fastanefndanna sem fylgja þessu bréfi.

Fyrir hönd utanríkismálanefndar,

Sigríður Á. Andersen  
formaður

Afrit sent til:  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



UTANRÍKISMÁLANEFND

# Álit

um upptöku eftirfarandi gerða í EES-samninginn:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (endurútgefin)
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971 frá 11. desember 2018 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og stofnun til að styðja við BEREC-hópinn (BEREC-skrifstofu), um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/2120 og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1211/2009.

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Utanríkismálanefnd hefur óskað eftir álitum umhverfis- og samgöngunefndar á upptöku framangreindra gerða í EES-samninginn, sbr. 5. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála. Nefndin hefur fjallað um gerðina og fengið á sinn fund Jóhönnu Bryndísi Bjarnadóttur frá utanríkisráðuneyti, Sigríði Rafnar Pétursdóttur frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og Sigurjón Ingvason frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Gerðirnar tvær mynda nýjan fjarskiptapakka ESB. Tilskipun (ESB) 2018/1972 inniheldur uppfærðar meginefnisreglur á fjarskiptamarkaði. Markmið reglugerðar (ESB) 2018/1971 (BEREC-reglugerðarinnar) er einkum að stuðla að samræmdri innleiðingu og framkvæmd samevrópsks regluverks á sviði fjarskiptamarkaðar. BEREC er samstarfsvettvangur evrópskra eftirlitsaðila á sviði fjarskipta í ESB og samanstendur af stjórn (e. Board of Regulators) og vinnuhópum. Þá er með gerðinni sett á fót BEREC-skrifstofan (e. Agency for Support for BEREC), sem skal veita BEREC þjónustu og aðstoð. Gert er ráð fyrir að gerðirnar verði innleiddar með frumvarpi um fjarskiptalög (209. mál) sem jafnframt er til meðferðar hjá nefndinni.

Í samræmi við 5. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála hefur nefndin það hlutverk að skoða gerðirnar með tilliti til þess hvort efnislegra aðlagana sé þörf eða líta beri til sérstakra hagsmuna Íslands við upptöku þeirra í EES-samninginn. Þau stjórnskipulegu álitæfni sem liggja fyrir eru til meðferðar hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Fyrir liggur að EFTA-ríkin innan EES hafa átt í viðtæku samráði og komið sér saman um sameiginlega aðlögun sem leitast hefur við að ná samkomulagi um við fulltrúa Evrópusambandsins. Í grófum dráttum felur aðlögunin í sér að fjarskiptaeftirlitsstofnanir í EFTA-ríkjunum innan EES fá fullan þátttökurétt í vinnu á vettvangi BEREC, þ.e. stjórn, vinnuhópum og stjórn BEREC-skrifstofunnar. Þær hafa sömu réttindi og skyldur og fjarskiptaeftirlitsstofnanir í aðildarríkjum ESB, þó ekki atkvæðisrétt, en afstaða þeirra til mála verði skrásett sérstaklega. Fulltrúar EFTA ríkjanna eru þó ekki kjörgengir í embætti formanns stjórnar BEREC eða stjórnar BEREC-skrifstofunnar. Þá skulu BEREC og BEREC-skrifstofan aðstoða Eftirlitsstofnun EFTA og fjarskiptaeftirlitsstofnanir í EFTA ríkjunum, eftir því sem við á, við að framfylgja skyldum sínum.

Nýlegt dæmi um sambærilega aðlögun er þegar persónuverndarreglugerðin (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga) var tekin upp í EES-samninginn og innleidd með lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Nefndin telur að hagsmunum Íslands sé best borgið með fyrirhugaðri sameiginlegri aðlögun EFTA-ríkjanna innan EES. Nefndin gerir ekki athugasemdir við upptöku gerðanna í EES-samninginn.

Alþingi, 15. desember 2020.

Bergþór Ólason, form.  
Ari Trausti Guðmundsson  
Guðjón S. Brjánnson  
Hanna Katrín Friðriksson  
Jón Gunnarsson

Karl Gauti Hjaltason  
Kolbeinn Óttarsson Proppé  
Líneik Anna Sævarsdóttir  
Vilhjálmur Árnason

## Álit

um upptöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971 frá 11. desember 2018 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og stofnun til að styðja við BEREC-hópinn (BEREC-skrifstofu), um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/2120 og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1211/2009 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (endurútgefin) í EES-samninginn.

Frá meiri hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Hinn 13. febrúar síðastliðinn óskaði utanríkismálanefnd eftir því að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd veitti álit á því hvort efnislegrar aðlögunar væri þörf vegna upptöku eftirfarandi gerða í EES-samninginn, sbr. 5. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála:

1. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971 frá 11. desember 2018 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og stofnun til að styðja við BEREC-hópinn (BEREC-skrifstofu), um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/2120 og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1211/2009,
2. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (endurútgefin).

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhönnu Bryndísi Bjarnadóttur frá utanríkisráðuneyti, Sigríði Rafnar Pétursdóttur frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og Sigurjón Ingvason frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Með tilskipuninni eru meginefnisreglur á fjarskiptamarkaði uppfærðar með allnokkrum breytingum en tilskipunin leysir af hólmi fjórar eldri gerðir. Tilskipunin miðar að því að koma á fót innri markaði fyrir fjarskiptaþjónustu sem stuðlar að útbreiðslu og upptöku háhraðaneta, sjálfbærri samkeppni, rekstrarsamhæfi fjarskiptaþjónustu, aðgengileika, öryggi neta og þjónustu og ávinningi fyrir endanotendur. Með reglugerðinni er stofnaður ráðgefandi og stefnumótandi samstarfsvettvangur fyrir eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (e. Body of European Regulators for Electronic Communications, BEREC). Þessum samstarfsvettvangi er ætlað að stuðla að samræmdri innleiðingu og framkvæmd evrópsks regluverks fjarskipta.

Þau stjórnskipulegu álitæfni sem koma til álita við upptöku gerðanna varða BEREC. Eitt af viðfangsefnum BEREC eru að gefa út álit. Þessi álit eru ekki bindandi sem slík en þó ber stjórnvöldum að taka fyllsta tillit til þeirra. Í ákveðnum tilvikum geta þessi álit verið undanfari bindandi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar gagnvart stjórnvöldum aðildarríkja Evrópusambandsins. Fyrir nefndinni var rætt um að Ísland hefði á vettvangi EES-samstarfsins lagt áherslu á að standa vörð um tveggja stoða kerfi EES-samningsins. Fram kom að EFTA-ríkin ráðgera að leggja til þá aðlögun að fulltrúar EFTA-ríkjanna eigi sæti í BEREC, án atkvæðisréttar, en með fullan tillögurétt og málfrelsi. Dæmi um slíka tilhögun eru Evrópska persónuverndarráðið, fjármálaeftirlitsstofnanir ESB, Evrópska vinnuverndarstofnunin og Lyfjastofnun Evrópu. Komi til atkvæðagreiðslu innan stjórnar BEREC um álit verði afstaða eftirlitsyfirvalda EFTA-ríkjanna skráð sérstaklega. EFTA-ríkin eiga þess þar með kost að afstaða þeirra verði skráð þegar atkvæðagreiðsla á sér stað, sem skiptir máli gagnvart öðrum samstarfsríkjum innan BEREC. Með þessu fyrirkomulagi eru fulltrúum EFTA-stoðarinnar fengnir möguleikar til að hafa áhrif á málsmeðferð og ákvarðanatöku áður en álit BEREC er afgreitt. Til að aðkoma Íslands að stjórn BEREC sé árangursrík er mikilvægt að viðkomandi stofnanir hafi nægjanlegt bolmagn til að taka fullan þátt í samstarfinu.

Að því er varðar töku bindandi ákvarðana er ráðgert að Eftirlitsstofnun EFTA taki slíkar ákvarðanir gagnvart stjórnvöldum EFTA-ríkjanna. BEREC miðlar óbindandi álit til ESA sem síðar tekur ákvörðun með tilliti til álitsins. Ákvörðunum ESA má svo skjóta til endurskoðunar hjá EFTA-dómstólum. Þá beinast ákvarðanir ESA gegn stjórnvöldum aðildarríkjanna, þ.e.a.s. eftirlitsstofnunum á sviði fjarskiptamála, en ekki gagnvart einkaaðilum á markaði.

Meðal þeirra atriða sem þar eru talin er þegar stjórnvald hyggst taka ákvarðanir í þeim tilgangi að tryggja tengingu endanotenda. Um er að ræða ákvarðanir stjórnvalda um að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki til að tryggja tengingu milli endanotenda fjarskiptaþjónustu, m.a. með því að fyrirskipa samtengingu neta, rekstrarsamhæfingu og aðgang að aðstöðu í tilteknum tilvikum. Þá er einnig um að ræða greiningu stjórnvalda á markaði og málsmeðferð þar að lútandi, og þegar stjórnvald hyggst taka ákvörðun um að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með markaðsráðandi stöðu í kjölfar markaðsgreiningar.

Meiri hlutinn bendir á að í þessari tillögu er byggt á tveggja stoða kerfi EES-samningsins og að í þeirri útfærslu sem hér er rakin er verið að leggja til að byggt verði upp kerfi sem felur í sér framsal sem er vel afmarkað, á takmörkuðu sviði og fyrirsjáanlega ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila.

Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

Brynjar Nielsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. desember 2020.

Andrés Ingi Jónsson.  
Guðmundur Andri Thorsson.  
Kolbeinn Óttarsson Proppé.  
Líneik Anna Sævarsdóttir.  
Óli Björn Kárason.  
Þórunn Egilsdóttir.